

# Þingsályktun

**um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010  
og nr. 124/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn.**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010, frá 30. apríl 2010, og nr. 124/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf.

---

*Samþykkt á Alþingi 22. mars 2011.*

